

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 85. gr. laganna:

- a. Í stað 2. og 3. málsli. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Í reglugerð skal kveða á um þau atriði sem skrá skal.
- b. 2. mgr. fellur brott.
- c. Í stað 3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Vanræki váttryggingamiðlari gróflega skyldur sínar, greiði ekki eftirlitsgjald, samrýmist starfsemin ekki hlutverki hans sem váttryggingamiðlara eða séu skilyrði starfsleyfis ekki lengur uppfyllt skal Váttryggingaeftirlitið afturkalla starfsleyfi. Þó er heimilt, telji Váttryggingaeftirlitið það fullnægjandi, að veita viðvörun eða frest til úrbóta því sem úrskæðis hefur farið. Ráðherra skal staðfesta afturköllun starfsleyfis innan sjö daga.

Sé skráningarskyld starfsemi rekin án heimildar skal Váttryggingaeftirlitið þegar í stað gera ráðstafanir til að slíkri starfsemi verði hætt.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 27. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 18 11. maí 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, sbr. lög nr. 45 11. maí 1982, nr. 95 28. maí 1984 og nr. 28 9. maí 1989.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðari málsliður 2. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Orðin „til að eignast 55% af hlutafé í félaginu“ í 1. tölul. 3. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Orðin „þó ekki sá meirihluti, sem áskilinn er í 2. gr. að framan“ í 2. mgr. 5. gr. laganna falla brott.

4. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein er hljóðar svo:

Iðnaðarráðherra er eftir hlutfjárþækkun í félaginu á árinu 1997 heimilt þegar á því ári að selja eignarhlut ríkisins í félaginu, þó þannig að 12% heildarhlutfjár verði ekki seld fyrir en reynt hefur á kauprétt núverandi samstarfsaðila ríkisins að verksmiðjunni.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

5. gr.

Gjört á Bessastöðum, 27. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 64. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir er orðast svo: Hafi þau samnýtt persónuafslátt þannig að annar makinn hefur nýtt persónuafslátt hins á staðgreiðslúrinu, skal telja þannig nýttan persónuafslátt þeim fyrrnefnda til góða, en skerða persónuafslátt hins síðarnefnda sem því nemur. Gera skal sérstaka grein fyrir þessari nýtingu með framtali að staðgreiðsluári liðnu.

2. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „30,41%“ í 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna kemur: 26,41%.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „294.528“ í 1. mgr. A-liðar kemur: 286.944.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „689“ í 4. mgr. B-liðar kemur: 671.

4. gr.

Í stað A- og B-liða 69. gr. laganna kemur nýr stafliður er orðast svo:

A. Barnabætur.

Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Framfærandi telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess í lok tekjuársins. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi. Hjón, sem skattlögð eru skv. 63. gr., teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambúðarfólk sem uppfyllir í lok tekjuársins skilyrði 3. mgr. 63. gr. enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Fyrir barn sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu skal einungis greiða barnabætur í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári. Þannig skal fjárhæð barnabóta skv. 3. mgr. og skerðingarmörk vegna tekna, sbr. 4. mgr., ákvarðast í hlutfalli við dvalartímann.

Óskertar barnabætur skulu árlega nema 102.436 kr. með fyrsta barni en 121.932 kr. með hverju barni umfram eitt. Fyrir börn yngri en sjö ára skulu barnabætur vera 30.176 kr. hærrí en framangreindar fjárhæðir. Óskertar barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu